

Ágrip

Vegagerðin heldur utan um aragrúa gagna sem tengjast vegakerfinu. Nauðsynlegt er að geta viðhaldið upplýsingum á vettvangi á einfaldan og fljótlegan hátt. **Vettvangsskrá** er lausn til að skrá og skoða upplýsingar á vettvangi með innlestri á GPS hnitum og/eða með niðursetningu bendils á korti. Atriði eru skráð á staðsetningu ýmist sem punktar eða strik. Staðsetning er GPS-hnit og stöðvarsetning vegar.

Í fyrstu útgáfu sem kom út árið 2004 var hægt að skrá fimm tegundir staðsetningar: umferðarmerki, yfirborðsmerkingar, annan vegbúnað, aðstæður og aðgerðir. Á staðsetningu var hægt að skrá akrein/deili, afstöðu við veg, mynd og athugasemdir. Hægt var að skrá atriði á staðsetningu og fyrir hvert atriði var hægt að skrá ástand, flokkun, gildi og fjölda fyrir hvern atriðapunkt. Hönnuð var táknmynd fyrir hvern atriðapunkt. Í kerfinu er hægt að birta upplýsingaþekjur.

Fram að notkun Vettvangsskrár höfðu upplýsingar verið skráðar í gagnagrunnskerfi í töfluformi og eingöngu út frá stöðvarsetningu vegar og misjafnlega viðhaldið. Upplýsingum var og er einnig víða að finna í Excel-skjölum notenda. Undanfarið þrjú sumur hafa verið farnar vettvangsferðir og búið að skrá í kerfið öll umferðarmerki, skiptipunkta fyrir yfirborðsmerkingar (miðlínur) og vegrið auk þess sem búið er að taka mæla vegbreiddir með notkun myndavélar á hringvegum og mörgum tveggja stafa vegum.

Á vormánuðum kom ný útgáfa og þá var búið að bæta viðmótið auk fjölgunar á mögulegum skráningaratriðum, flutningur gagna var gerður einfaldari, val á þekjum var gert auðveldara og einnig var hægt að nýta þær sem upplýsingaþekjur.

Nú er komin út Vettvangsskrá 4.0. Búið er að endurbæta högun til að auðvelda viðbætur án forritunar þannig að hægt sé að fjölga staðsetningarflokkum ótakmarkað, skrá óteljandi eigindi á atriði og bæta við þekjum s.s. loftmyndum og texta. Auk þess sem skýrslugjafi og hjálp verður bætt.

Næstu skref eru að vinna við viðmót vegna ástandsskráningar, t.d. þannig að hægt sé að gera ástandsúttektir. Einnig er fyrirhugað að auðvelda innsetningu og viðhald þekja og að kjarnaskrár, s.s. veglínur, táknmyndar og skýringarmyndir, endurnýist sjálfkrafa. Vinna mun einnig verða lögð í að bæta og þróa skýrslugjafa.

Vænta má þess að Vettvangsskrá auðveldi starfsmönnum að sinna sínu eftirlitshlutverki. Vettvangsskrá heldur utan um vegbúnað á vettvangi og getur stuðlað að betri áætlunargerð og þar með betri þjónustu. Deiling fjármagns verður auk þess gagnsærri.

Skjámynd af Vettvangsskrá 4.0

